**Nd.** 959. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtiðarráðstafana

Frá Sveini Björnssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Þær bæjarstjórnir og hreppsnefndir, sem, með heimild i lögum þessum, jafna niður og ráðstafa dýrtiðargjaldi, eiga rjett á að fá greiddan úr landssjóði $^{1}/_{3}$ hluta af upphæð þeirri, er notuð hefir verið til dýrtíðarráðstafana, þó aldrei hærri fjárhæð á einu ári en sem svari 2 krónum á hvern íbúa bæjarfjelagsins eða hreppsfjelagsins.